



Lúxemborg, 14. nóvember 2017

## FRÉTTATILKYNNING 12/2017

**Dómur í sameinuðum málum E-2/17 og E-3/17 Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu**

### **ÍSLENSKA LEYFISVEITINGAKERFIÐ FYRIR INNFLUTNING Á HRÁRRI OG UNNINNI KJÖTVÖRU, EGGJUM OG MJÓLK Í ANDSTÖÐU VIÐ EES-RÉTT**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag, tók EFTA-dómstóllinn afstöðu til þess hvort íslenska leyfisveitingakerfið fyrir innflutning á hrárrí og unninni kjötvöru, eggjum og mjólk samrýmdist ákvæðum EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) krafðist viðurkenningar á því að íslenska ríkið hefði brotið gegn 5. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EEB frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á („tilskipunin“), með því að viðhalda (i) leyfisveitingakerfi vegna innflutnings á hráu kjöti og kjötvörum; (ii) leyfisveitingakerfi vegna innflutnings á hráum eggjum og hráum eggjavörum; (iii) leyfisveitingakerfi vegna innflutnings á ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum unnum úr ógerilsneyddri mjólk auk viðbótarkrafna vegna innflutnings ákveðinna ostategunda og banns við markaðssetningu á innfluttum mjólkurafurðum sem unnar væru úr ógerilsneyddri mjólk; og (iv) stjórnsýsluframkvæmd sem gerði innflytjendum skylt að leggja fram vottorð og sækja um leyfi til þess að flytja inn meðhöndluð egg og mjólkurafurðir. Íslenska ríkið mótmælti framangreindum kröfum ESA.

Dómstóllinn tók fram að markmið tilskipunarinnar væri að eftirlit með dýraheilbrigði færi einungis fram á upprunastað. Samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar væri dýraheilbrigðiseftirlit í ríki áfangastaðar einungis heimilt ef það væri framkvæmt sem úrtakskönnun eða á grundvelli grunsemda um misferli. Tilskipunin innihéldi þar með tæmandi talningu á tilvikum þar sem dýraheilbrigðiseftirlit í ríki áfangastaðar væri heimilt. Löggjöf sem kvæði á um dýraheilbrigðiseftirlit í ríki áfangastaðar í öðrum tilvikum en þeim sem tilskipunin heimilaði sérstaklega væri því ósamrýmanleg tilskipuninni.

Hvað varðaði fyrstu þrjár kröfur ESA þá taldi dómstóllinn að íslensk löggjöf fæli í sér bann við innflutningi á hrárrí kjötvöru, eggjum og mjólk. Hins vegar mælti löggjöfin fyrir um að innflutningur á slíkum vörum gæti verið heimill að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Dómstóllinn taldi að þetta leyfisveitingakerfi fæli í sér eftirlit með dýraheilbrigði í skilningi tilskipunarinnar. Það væri óumdeilt að leyfisveitingakerfið gildi um allar vörusendingar umræddra vara sem kæmu til landsins. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að leyfisveitingakerfið væri ósamrýmanlegt 5. gr. tilskipunarinnar. Hins vegar taldi dómstóllinn að bann við markaðssetningu sem vísað væri til í þriðju kröfu ESA fæli ekki í sér eftirlit með dýraheilbrigði í skilningi tilskipunarinnar og var þeirri kröfu því hafnað.

Hvað varðaði fjórðu kröfu ESA þá taldi dómstóllinn að samkvæmt málalíbúnaði íslenska ríkisins væri ljóst að á Íslandi væri framkvæmdin sú að innflytjendur meðhöndlaðra eggja og mjólkurvara væru krafðir um gögn þess efnis að umræddar vörur hefðu verið meðhöndlaðar (gerilsneyddar) í samræmi við íslenska löggjöf. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slík framkvæmd fæli í sér eftirlit með dýraheilbrigði umfram það sem leyfilegt væri samkvæmt 5. gr. tilskipunarinnar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkygning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.